

Yfirlýsing vísindamanna um Útkall í þágu vísinda í kjölfar yfirlýsingar siðfræðinga og nokkurra annarra fræðimanna.

Síðastliðin sautján ár hafa vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) í samstarfi við vísindamenn á Landspítala, í Læknadeild og innan fjölmargra annarra stofnana hérlendis og erlendis náð ótrúlegum árangri í að varpa ljósi á erfðafræði margra sjúkdóma. Vísindagreinar í bestu vísindaritum bera því ótvírætt vitni. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þetta samstarf vísindamanna ÍE og annarra í íslensku vísindasamfélagi hefur gert það að verkum að Ísland leiðir nú heiminn á flestum sviðum mannfæðifræði. Þessi árangur byggist ekki síst á miklum stuðningi almennings við þessar rannsóknir, ekki bara í orði heldur með beinni þátttöku. Slík þátttaka sýnir í verki hug fólksins í landinu til þessara rannsókna. Áframhaldandi stuðningur og þátttaka landsmanna er nauðsynleg til þess að við höldum forskoti á þessu mikilvæga sviði lífvísinda.

Nú er verið að gera stórt átak í að auka þátttöku almennings í þessu einstaka verkefni með einfaldari sýnatöku heldur en hingað til hefur verið gert. Nú er tilgangurinn fyrst og fremst sá að afla samanburðarhóps í stað þess að beina sjónum að fólki með ákveðna sjúkdóma. Eðli rannsókna og leyfi og samþykki sem að baki þeim standa eru þó hin sömu og hafa legið að baki rannsóknum á þessu sviði í 17 ár. Athugasemdir og gagnrýni siðfræðinga og nokkurra annara fræðimanna við þetta átak vekur furðu og margt í athugasemdum þeirra stenst ekki.

Um engar rannsóknir í íslensku samfélagi hefur verið meira rætt á síðustu áratugum en erfðarannsóknir ÍE. Umræðan hefur verið efnismikil, og sjónarmiðum allra aðila hafa verið gerð skil. Í þessu samhengi endurspeglar góð þátttaka almennings upplýst traust á þessum vísindarannsóknum. En þátttaka hvers og eins er engu að síður á persónulegum grunni. Hún byggist ekki á því hvort tíu eða hundrað þúsund aðrir eru að gera upp hug sinn á sama tíma. Hver einstaklingur tekur ákvörðun sem bæði á að vera upplýst og byggð á samþykki.

Það átak sem nú er í gangi hvetur til áframhaldandi stuðnings við þetta vísindastarf sem skapað hefur mikla nýja þekkingu. Þessi þátttaka er ekki sjálfgefin og hún er mikils virt af vísindamönnum sem að þessu vinna. Þeir vilja hvetja til áframhaldandi stuðnings og sýna þeim þakklæti sem hingað til hafa sýnt stuðning í verki. Hvatning annarra í samfélaginu, svo sem listamanna og stjórnámálamanna er einnig virðingarverð. Engin ástæða er til að tortryggja slíkan stuðning. Þátttaka almennings í lýðræðislegum ákvörðunum, svo sem kosningum, er hvött áfram gegnum auglýsingar, stuðning þekktra einstaklinga og almenna umræðu. Sama gildir um þátttöku í menningar- og listaviðburðum. Að eitthvað annað gildi um þátttöku í vísindastarfi er ekki rétt.

Gagnrýni siðfræðinga á hlut Landsbjargar í söfnun sýnanna er að okkar mati einnig ómakleg. Alvanalegt er í vísindarannsóknum að þátttaka sé þökkuð, en hún á þó ekki að skapa óeðlilegan þrýsting á þá sem annars myndu ekki vilja gefa lífsýni. Við treystum almenningi til að geta tekið upplýsta ákvörðun um þátttökuna.

Mikil þátttaka Íslendinga í vísindarannsóknum er byggð á áralangri umræðu um tilgang og eðli slíkra rannsókna. Fólk er almennt upplýst og tekur eigin ákvarðanir. Við viljum hvetja fólk til að halda áfram þessum mikla stuðningi við

framþróun í vísindum. Án hins almenna borgara verða þessar rannsóknir ekki gerðar.

Magnús Karl Magnússon, prófessor við Læknadeild HÍ

Unnur Anna Valdimarsdóttir, prófessor við Læknadeild HÍ og forstöðumaður Miðstöðvar í Lýðheilsvísindum

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Davíð O. Arnar, Framkvæmdastjóri Lyflækningasviðs Landspítala og klínískur prófessor við Læknadeild HÍ

Þórður Harðarson, prófessor emerítus, fyrrverandi yfirlæknir við Landspítala

Reynir Tómas Geirsson, prófessor emerítus, fyrrverandi yfirlæknir fyrrverandi yfirlæknir við Landspítala

Árni Jón Geirsson, læknir og sérfræðingur við Landspítala

Arnór Víkingsson, læknir og sérfræðingur við Landspítala

Ásgeir Haraldsson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Ástráður B. Hreiðarsson, læknir og sérfræðingur við Landspítala og klínískur prófessor við Læknadeild HÍ

Brynjar Viðarsson, læknir og sérfræðingur við Landspítala

Einar Stefán Björnsson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Eiríkur Steingrímsson, prófessor, Læknadeild HI

Erna Magnúsdóttir, rannsóknarsérfræðingur, Læknadeild HÍ

Evald Sæmundsen, sviðsstjóri rannsókna, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og klínískur dósent við Læknadeild HÍ

Friðbert Jónasson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Gerður Gröndal, læknir og sérfræðingur við Landspítala, klínískur dósent við Læknadeild HÍ

Gísli H Sigurðsson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Ísleifur Ólafsson, yfirlæknir á Landspítala

Jón Hjaltalín Ólafsson, dósent við Læknadeild HÍ, læknir og sjálfstætt starfandi sérfræðingur

Karl Andersen, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Karl Örn Karlsson, lektor, Tannlæknadeild HÍ

Laufey Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Íslands, klínískur prófessor við Læknadeild HÍ

Magnús Haraldsson, dósent við Læknadeild HÍ, læknir og sérfræðingur á Landspítala

Már Kristjánsson, yfirlæknir á Landspítala og klínískur dósent við Læknadeild HÍ

Páll Torfi Önundarson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Pálmi V. Jónsson, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Ragnar Bjarnason, prófessor við Læknadeild HÍ, yfirlæknir á Landspítala

Runólfur Pálsson, dósent, Læknadeild HÍ, yfirlæknir við Landspítala

Steinn Jónsson, prófessor, Læknadeild HÍ, læknir og sérfræðingur á Landspítala

Sigurður Yngvi Kristinsson, prófessor við Læknadeild HÍ, læknir og sérfræðingur á Landspítala

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor, hagfræðideild HÍ

Tryggvi Stefánsson, læknir og sérfræðingur á Landspítala.

Unnur Steina Björnsdóttir, dósent við Læknadeild HÍ, læknir og sjálfstætt starfandi sérfræðingur

Þórarinn Guðjónsson, prófessor, Læknadeild HÍ

Þorvaldur Ingvarsson, dósent við Læknadeild HÍ og framkvæmdastjóri vörubróunar og rannsóknastarfs hjá Össuri hf